

VATNSVEITUREGLUGERÐ

fyrir Dalvíkurþorp.

83

13. ágúst

1. gr.

Svæði það, er vatnsveitan nær yfir, takmarkast að norðan af Brimnesá, en að sunnan af býlinu Vegamót.

2. gr.

Hreppssjóður hefir einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og á Dalvíkurhöfn.

3. gr.

Hreppsnefnd leggur vatnsæðar um þorpið, svo víða sem fært þykir og þörf krefur, svo húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í götu, vegi eða opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrr en svo er. Frá vatnsæðum þessum leggja húseigendur vatnsæðar til sín á sinn kostnað. Sé sérstaklega kostnaðarsamt að leggja vatnsæð frá aðalæð yfir lóð manns, getur hann krafist sig undanþeginn vatnsskatti, ef hann kys að vera án vatnsins. Ef ágreiningur verður, skal skorið úr honum með mati tveggja manna tilnefndra af báðum aðiljum.

4. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, þeim, er vatn nota. Skal hann ákveðinn í gjaldskrá og miðaður við fasteignaverð húseigna, og má eigi fara fram úr 5% af fasteignamatsverði á neinni húseign.

Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, og þá, sem hafa vatnshana utan húss.

Skip, sem taka vatn úr vatnsveitu þorpsins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, og verður það gjald einnig ákveðið í gjaldskránni.

5. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. maí og 1. október, og greiðist helmingur gjaldsins á hvorum gjalddaga. Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu, sem skatti nemur, þótt hún hafi áður verið ákveðin, ef leigjandi greiðir eigi skattinn sjálfur.

6. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir sammingsveði og aðfararveði.

7. gr.

Skyllt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitu þorpsins, svo og mannvirki, og að þola þær eignakvaðir, óhagraæði og takmörk-

83 un á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar
13. ágúst bætur fyrir eftir mati, ef eigi næst samkomulag.

8. gr.

Bryggjueigendum er skylt að leyfa afhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningu mælitækja í húsum og á bryggjum í þessu skyni samkv. ákvæðum 7. greinar.

9. gr.

Hreppsnefnd löggildir vatnsvirkja, setur þeim erindisbréf og ákveður kaup þeirra. Þeim einum er heimilt að leggja vatnsæðar frá aðalæðum í hús og um þau og breyta vatnsæðum.

10. gr.

Hús- og lóðaeigendum er skylt að halda vatnsveitum sínum vel við, verja þær frosti og láta gera tafarlaust við þær, ef þær bila.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar eru, til að athuga þær og tæki, sem eru í sambandi við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust láta bæta úr því á sinn kostnað.

11. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka vatnsæðum í húsum eða hverfum, þyki þess þörf vegna frosthættu eða aðgerða á vatnsveitukerfinu, svo og vatnsæðum fyrir þeim, sem þrátt fyrir áminningu vanrækja að gera við vatnsæðar sínar eða tæki í sambandi við þær, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt. Fullan vatnsskatt skal greiða, þó vatnsæðum sé lokað af þessum ástæðum.

12. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar og setja hreyfi- vélar í samband við hana án leyfis hreppsnefndar.

13. gr.

Öll framkvæmdarstörf, er vatnsveituna snerta, felur hreppsnefnd þriggja manna nefnd, er hún kýs árlega, og skulu að minnsta kosti tveir þeirra vera hreppsnefndarmenn.

14. gr.

Mál út af brotum á reglugerðinni skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. september 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. ágúst 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.